

1992 nr. 98 9. desember**Lög um friðhelgi og forréttingu alþjóðastofnana**

Tóku gildi 11. desember 1992. Breytt með: L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 80/2022 (tóku gildi 14. júlí 2022 nema b-liður 2. mgr. 170. gr., b-liður 1. mgr. 171. gr. hvað varðar samevrópska u-rýmishjónustu og c-liður 1. mgr. 171. gr. sem tóku gildi 26. jan. 2023 og d-liður 258. gr. sem tók gildi 1. jan. 2023; EES-samningurinn: XIII. viðauki reglugerð 2027/97, 889/2002, tilskipun 2000/79/EB, 2009/12/EB). L. 67/2023 (tóku gildi 8. júlí 2023).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **utanríkisráðherra** eða **utanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Alþjóðastofnanir skulu njóta þeirrar friðhelgi og þeirra forréttinga hér á landi sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem öðlast hafa stjórnskipulegt gildi að því er Ísland varðar.

□ Eftirtaldir skulu einnig njóta friðhelgi og forréttinga samkvæmt samningum þessum hér á landi:

- starfslíð alþjóðastofnana,
- þeir sem koma fram eða starfa á vegum alþjóðastofnana,

3. fulltrúar, sendimenn og erindrekar aðila að alþjóðastofnunum,

4. þeir sem taka þátt í rekstri mála fyrir alþjóðastofnunum og

5. fjölskyldur þeirra sem getið er í 1.–4. tölul.

□ [Eftirlitsmenn og aðrir aðilar sem starfa á grundvelli alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að skulu njóta friðhelgi og forréttinga hér á landi í samræmi við viðkomandi alþjóðasamning.]¹⁾

¹⁾ L. 67/2023, 29. gr.

■ [1. gr. a.]

□ Laun og launatengdar greiðslur embættismanna og starfsmanna stofnana Evrópusambandsins njóta skattfrelsis hér á landi, þ.m.t. eftirlaun og greiðslur til eftirlifandi maka og barna.]¹⁾

¹⁾ L. 80/2022, 261. gr.

■ 2. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 126/2011, 171. gr.

■ 3. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.